

Fylgiskjal með samstarfssamningi AkureyrarAkademíunnar og Akureyrarbæjar dags. 20. maí 2021

Verklagsreglur um auglýsingu á vinnuaðstöðu skv. samningnum.

1. AkureyrarAkademían annast auglýsingu á vinnuaðstöðunni tvisvar sinnum á ári í nafni beggja samningsaðila. Auglýst er annars vegar í janúar vegna fyrra úthlutunartímabils og hins vegar í júlí vegna seinna tímabils. Umsóknarfrestur er þrjár vikur að lágmarki. Leitast verður við að auglýsa með hagkvæmum en áberandi hætti:
 - a. Auglýst er tvisvar við hvora úthlutun í staðbundnum prentmiðli. Kostnaður skiptist jafnt milli samningsaðila.
 - b. Auglýst á samfélagsmiðlum og með fréttum á heimasíðum. Hvor samningsaðila greiðir auglýsingar á sínum miðlum.
 - c. Í auglýsingu komi fram greinargóð lýsing á vinnuaðstöðunni sem og þeim skilyrðum sem höfð eru til hliðsjónar við val á umsækjendum sbr. 4. lið verklagsreglnanna.
2. Úthlutunartímabil eru tvö; frá 1. mars – 31. ágúst og 1. september – 28. febrúar.
 - a. Umsóknir um heil tímabil hafa að öðru jöfnu forgang en heimilt er að úthluta vinnuaðstöðu til skemmri tíma en sex mánaða.
 - b. AkureyrarAkademían getur leigt vinnuaðstöðuna út tímabundið í almennri leigu ef ekki er eftirspurn eftir henni skv. forsendum samkomulagsins.
 - c. Umsækjandi sem hefur haft afnot í eitt tímabil getur óskað eftir áframhaldandi afnotum af vinnuaðstöðu í afmarkaðan tíma ef ekki er eftirspurn eftir henni skv. forsendum samkomulagsins.
 - d. Hver umsækjandi getur að hámarki fengið úthlutað vinnuaðstöðu tvö tímabil í röð.
3. Í úthlutunarnefnd sitja tveir fulltrúar frá AkureyrarAkademíunni og einn frá Akureyrarstofu. Nefndin er jafnframt samráðsvettvangur samningsaðila um hvaðeina sem ræða þarf í samstarfinu.
4. Við mat á umsóknum skal m.a. tekið mið af eftirfarandi þáttum:
 - a. Nýsköpunargildi þeirra hugmynda sem felast í því verkefni sem umsækjendur ætla að vinna að.
 - b. Að öðru jöfnu skal miða við að hugmynd og/eða viðskiptaáætlun sé í þróun og að eiginleg starfsemi sé ekki hafin. Gæta skal þess að verkefni umsækjanda sé ekki í samkeppni við starfsemi sem fyrir er á markaði.
 - c. Að verkefni umsækjanda falli vel að því starfi sem fyrir er hjá AkureyrarAkademíunni.
5. Umsækjendur gera samstarfssamning við AkureyrarAkademíuna og undirgangast þar með sömu skyldur og réttindi og aðrir félagar hennar sem leigja þar vinnuaðstöðu